

## REGLUR UM GREIÐSLUR TIL FORRÁÐAMANNA BARNA

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir eftirfarandi reglur um greiðslur til forráðamanna barna 12 mánaða og eldri sem eru á biðlista eftir leikskólavist í Garðabæ.

1. Forráðamönnum barna 12 mánaða og eldri með lögheimili í Garðabæ gefst kostur á því að sækja um þátttöku Garðabæjar í kostnaði vegna vistunar barns, þar til því býðst vistun á leikskóla í Garðabæ, enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barnsins.
2. Sækja ber um greiðslur á vef Garðabæjar.
3. Greiðsla kemur til útborgunar fyrsta virkan dag hvers mánaðar og greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð.
4. Þjóðist barni leikskóladvöl falla greiðslur niður.
5. Greiðslur miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 stunda vistun sem er kr. 90.269 á mánuði.

Framangreindar reglur gilda frá 1. júní 2022

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar*

*16. júní 2022*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*